

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 23. nóvember 2018

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun á 149. löggjafarþingi 2018–2019.
Þingskjal 365 — 312. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið sé samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en vinnuhópur með fulltrúum frá endurskoðendaráði, Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE), Fjármálaeftirlitinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hafi komið að samningu frumvarpsins. Öll stjórn Félags löggiltra endurskoðenda að einum undanteknum er skipuð starfsfólki fjögurra stærstu endurskoðunarstofanna. Í endurskoðendaráði sitja svo tveir nefndarmenn og tveir til vara, skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda. Þeir eru allir starfsmenn stærstu fjögurra endurskoðunarstofanna. Hagsmunir stærstu fjögurra endurskoðunarstofanna setja enda mjög mark sitt á frumvarpið.

Frumvarpið er sagt byggt á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila nr. 2014/56/ESB. Engan veginn er þó ljóst af lestri greinargerðar með frumvarpinu hvaða breytingar leiða af tilskipun nr. 2014/56/ESB og hverjar ekki. Hér á eftir er þannig bent á tilvitnuð orð tilskipunar nr. 2014/56/ESB.

„Because of the significant public relevance of public-interest entities, which arises from the scale and complexity of their business or from the nature of their business, the credibility of the audited financial statements of public-interest entities needs to be reinforced. Consequently, the special provisions for the statutory audits of public-interest entities set out in Directive 2006/43/EC have been further developed in Regulation (EU) No 537/2014 of the European Parliament and of the Council (4). The provisions on statutory audits of public-interest entities laid down in this Directive should be applicable to statutory auditors and audit firms only in so far as they carry out statutory audits of such entities.“

„The ‘Small Business Act’ adopted by the Commission Communication of 25 June 2008 entitled ‘Think Small First’- A ‘Small Business Act’ for Europe’ and revised by the Commission Communication of 23 February 2011 entitled ‘Review of the ‘Small Business Act’ for Europe’, recognises the central role played by small and medium-sized enterprises in the Union’s economy and aims at improving the overall approach to entrepreneurship and anchoring the ‘Think Small First’ principle in policy-making. The Europe 2020 Strategy adopted in March 2010 also calls for an improvement of the business environment, especially for small and medium-sized enterprises, including through reducing the transaction costs of doing business in the Union. Article 34 of Directive 2013/34/EU of the European Parliament and of the Council (8) does not require small undertakings to have their financial statements audited.“

Þó nokkur greinarmunur er gerður á endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og annarri endurskoðun í frumvarpinu. Uppsetningin, verði frumvarpið að lögum, er þó, vægt sagt, afskaplega óskýr. Auknum kröfum til slíkra endurskoðenda er að sumu leyti blandað saman við ákvæði laganna þar sem fjallað er um „almenna“ endurskoðendur í stað þess að hafa þau öll í kaflanum sem lýtur að endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Almennur lesandi á því erfitt með að henda reiður á kröfum


sem til þeirra endurskoðenda er gerðar skv. lögnum og þar með alþingismenn að gera sér ljóst hvort frumvarpið gerir ónauðsynlegar kröfur til almennra endurskoðenda. .

Kostnaðargreining á áhrifum frumvarpsins er alls ófullnægjandi. Gert er ráð fyrir að áhrif á afkomu ríkissjóðs vegna breytinga á almennu eftirliti með endurskoðendum verði óveruleg. Í frumvarpinu er einnig lagt til að auka útgjöld vegna tilfallandi gæðaeftirlits endurskoðenda og innheimta þá tilfallandi sértekjur til að tryggja fjármögnun eftirlitsaðila og tryggja að hún sé óháð ótilhlýðilegum áhrifum frá endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Engin tilraun er gerð til að meta þennan kostnað. Það er með öllu óásættanlegt. En það sem verra er, er það að stóraukinn kostnaður við endurskoðun sem af frumvarpinu leiðir og lendir að lokum á fyrirtækjum og almenningi er alveg ómetinn. Þann mikla kostnað getur Alþingi ekki lagt á fyrirtæki og almenning án ítarlegrar skoðunar. Og án nokkurrar skoðunar er auðvitað óverjandi. Ekki er heldur svo að sjá að létta eigi endurskoðunarskyldu og kostnaði af litlum fyrirtækjum (hækka mörk endurskoðunarfjárhæða verulega) í samræmi við tilskipunina.

Erlendis, einkum í Bretlandi, hefur verið mikil umræða, annars vegar um nauðsyn þess að sama fyrirtæki hafi ekki með höndum endurskoðun, ráðgjöf og jafnvel lögfræði og skattaráðgjöf. En hitt hefur ekki síður verið áberandi að stóru endurskoðunarfyrirtækin séu orðin of stór og skerði samkeppni (sjá t.d. <https://www.icaew.com/technical/business-resources/business-environment/the-economy/are-the-big-four-too-big>). Þau þurfi að brjóta upp með löggjöf. Frumvarpið tekur skiljanlega ekkert á þessu.

Margt fleira er gagnrýniveri. Þannig mætti nefna ómarkvissar, tímafrekar og kostnaðarsamar kröfur um endurmenntun án þess að gerðar séu kröfur um hverju hún eigi að skila. Hana mætti skilgreina miklu betur, t.d. með því að gera að skilyrði að hún fari fram hjá viðurkenndri menntastofnun. Með því mætti lækka tímafjöldann verulega. Endurskoðun fjallar um reikningsskil; einungis endurskoðun og reikningsskil ættu því að vera skyldunámsefni. Eigin námskeið fyrirtækja innan veggja fyrirtækjanna þar sem þau þjálfar starfsfólk sitt til að sinna verkefnum sínum og standast kröfur fyrirtækisins teljast þannig til endurmenntunar skv. núgildandi lögum. Allir sjá að að slík skilgreining stenst ekki hlutlægan mælikvarða.

Virðingarfyllt



Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi.